

55

9. apríl

## L Ö G

um breytingu á gjafabréfi hjónanna Helga Þórarinssonar og Höllu Einarsdóttur fyrir hálfri jörðinni Þykkvabæ í Landbroti o. fl. til handa Kirkjubæjarhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Aftan við lið I í gjafabréfi Helga Þórarinssonar og Höllu Einarsdóttur, dags. 13. des. 1913, fyrir hálfri jörðinni Þykkvabæ í Landbroti komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ábúanda skal þó heimilt, að fengnu samþykki hreppsnefndar Kirkjubæjarhrepps, að veðsetja jörðina til tryggingar lánnum, sem tekin eru til húsabóta og annarra varanlegra umbóta á jörðinni, enda sé um þær lántökur að öllu leyti farið samkvæmt ákvæðum laga nr. 116 frá 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð, og þeim breytingum, er gerðar hafa verið eða gerðar kunna að verða á þeim lögum.

*Gjört að Bessastöðum, 9. apríl 1956.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Steingrímur Steinþórsson.*

56

10. apríl

## L Ö G

um veitingu ríkisborgararéttar.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Ahrens, Erlendur Arne, húsasmiður í Reykjavík, fæddur 13. okt. 1913 í Danmörku.
2. Blak Nielsen, Willy, rakarameistari í Reykjavík, fæddur 6. des. 1913 í Danmörku.
3. Brinks, Frode, garðyrkjumaður að Reykjalandi í Grímsnesi, fæddur 16. febr. 1921 í Danmörku.
4. Brückner, Carmen, húsmóðir á Hellu í Rangárvallasýslu, fædd 31. maí 1914 í Frakklandi.
5. Brückner, Karl Helmut, dýralæknir í Rangárvallasýslu, fæddur 17. okt. 1915 í Þýskalandi.
6. Christiansen, Einar Daniel Jakob Garðshodn, smiður í Reykjavík, fæddur 8. febr. 1926 í Færeyjum.